


## Tennissamband Íslands



**Mætt:** Aleksandra, Bragi, Hjörtur og Raj

**Fundarritari:** Bragi

**Fundarstaður:** Brasserie Kársnes kl. 19.

**Fundarefni:**

- 1. Stjórn skipti með sér verkum.**  
Gunnar Þór Finnbjörnsson, varaformaður  
Aleksandra Babik, gjaldkeri  
Bragi L. Hauksson, ritari  
Raj K. Bonifacius, meðstjórnandi
- 2. Dagskrá ársins.** Stefnt að því að stilla upp dagskránni framundan, bæði hvað varðar mót og fundi. Það auðveldar skipulagningu.
- 3. Norðurlandamót í tennis.** Ísland hefur verið útundan á þessum mótum undanfarin ár (ekki boðið að vera með), en stefnt að því að bæta úr því. Norðurlandafundur tennissambanda verður 18. – 19. október og stefnt að því að Hjörtur og Raj sækja hann.
- 4. Ársþing ITF í Glasgow 13. – 14. nóvember.** Hjörtur og Jónas Páll Björnsson sækja þingið fyrir Íslands hönd.
- 5. Alþjóðleg tennismót á Íslandi.** Mjög mikilvægt að koma þessum mótum í gang og TSÍ mun vinna með þeim sem standa að slíkum mótum.
- 6. Smáþjóðaleikarnir á Möltu í maí.** Sem fyrr verðum við með í tenniskeppninni. Rætt hefur verið um keppni fyrir 14 ára og yngri, en ekkert ákveðið í þeim efnum.
- 7. Þátttaka erlendra ríkisborgara í Íslandsmótum í tennis.** Gerð hefur verið krafa um íslenskan ríkisborgararétt, en spurning hvort ekki ætti að opna á þátttöku hafi viðkomandi t.d. verið með búsetu á Íslandi í ákveðinn tíma? Þarf að ræða betur. Tengt þessu er einnig hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að keppa fyrir Íslands hönd erlendis.
- 8. Aðstaða til tennisiðkunar á Íslandi.** Vonir standa til að fljótlega bætist við 2 nýir útivellir hjá Víkingi. Eins er tennishöll í Reykjavík á teikniborðinu. Tennishöllin í Kópavogi er með tvenns konar undirlag á sínum völlum. Því fylgja bæði kostir og gallar. Auðveldara er fyrir afreksfólk að æfa á sams konar undirlagi og keppt er á erlendis, en erfiðara að halda stór alþjóðleg mót, þar sem aðeins 3

vellir eru með sama undirlagi.

9. **Nýr þjónustuaðili vegna rafrænna miðla TSÍ.** Staðfest að Kristján Þorláksson hjá Atmos sinnir nú rafrænum miðlum TSÍ. Stefnt að því að tengja hina ýmsu miðla saman og auka þannig sýnileika.
10. **Endurvekja þarf Þróunarhóp.** Það er mjög mikilvægt vegna afreksstarfs, en setja þarf traustan ramma um starfið til að tryggja að það nýtist sem best.

**Fundi slitið**